


Nafnlausar yfirstærðir

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er mikill kraftur í dúkum *Stefáns Axels Valdimarssonar*, sem þessa dagana og fram til 22. október, sýnir í Kjarvalssal á Kjarvalsstöðum. Stefán vinnur í Hollandi, þar sem hann virðist vera að ná fótfestu á listamarkaðnum og hefur m.a. eitt listhús í Rotterdam fest sér verk á sýningunni.

Þetta eru engir smáræðis dúkar hjá Stefáni og hefur slíkt ekki sést síðan Sigurður Örlygsson var á ferðinni í Vestari salnum. Þyrftu þeir minnst Laugardalshöllina, hyggðust þeir sýna saman nokkra tugi mynda!

Þessir tveir málarar eru annars ólíkir að upplagi og eðlisfari því að þegar gætir ameríska áhrifa í málverkum Sigurðar, þá er Stefán Axel meginlandsmálari út í fingurgóma.

Stórir dúkar eru svo sem ekkert nýtt í málaralistinni, en það sem er nýtt, er að það verði að fjöldahreyfingu að mála risadúka.

Þessi sýning leiðir hugann að stórsýningum eins og Zeitgeist í Berlín og hér er um einn anga af fjölþjóðaframúrstefnu að ræða (Transavantgarde). Formunum og pensilbeitingunni svipar saman, en Stefán virðist þó hafa sérstaka kennd fyrir litaspilinu eins og svo margir landar hans og kemur það einkum fram í myndum eins og „Nafnlaus“ (7), sem listhúsið Delta í Rotterdam keypti.

Það er meiri blíða og ljóðræna í myndum eins og „Otó“ (I), „Nafnlaus“ (4) og „It slipped through my mind“ (5). Þar er eins og sæslanga hlykkist mjúklega um myndflötinn.

Myndverk Stefáns eru í senn líkust óheftri útrás tilfinninga sem yfirvegaðar stemmningarmyndir og er það hverjum og einum hollt að leika á jafn ólíka strengi. Sjálf myndefnin eru ekki ýkja frumleg né aðferðin við að útfæra þau, en hitt vegur þungt hve Stefán er heill í þessum vinnubrögðum.

Áhrifin við fyrstu skoðun voru yfirþyrmandi enda næsta óvenjulegt að sjá svona stóra dúka hér á landi, en við næstu yfirferðir skilaði sýningin sér á allt annan hátt og rökréttari. Nýjabrumið fer sem sagt fljótt af slíkum yfirstærðum, þótt áhrifunum megi líkja við sprenginguí upphafi.

Þetta er sterk og hrifmikil sýning hjá Stefáni, og hann uppsker vafalítið mikinn lærdóm við gerð slíkra yfirstærða í málverki, en strangt til tekið eiga allar stærðir jafnan rétt á sér.

Stefán hefur á sýningum áður sýnt sérkennileg tilþrif ásamt því að hann fer ekki endilega sígildar leiðir í lögun myndverka sinna.

Það er í senn skemmtilegt og lærdómsríkt að bera saman myndir þeirra Errós að Kjarvalsstöðum, því að báðir ausa þeir af evrópskri og alþjóðlegri hefð, en á gjörólíkan hátt. Erró hefur einnig unnið í risadúka, en myndir hans eru þá unnar í lakklitum og eru sléttar og áferðarfagrar en myndir Stefáns eru unnar á hrjúfan og jarðrænan hátt og geta ekki alltaf kallast beinlínis fagrar, þótt hann hafi fágað myndmál sitt til muna hin síðari ár. Erró segir frá sjónrænum upplifunum í myndum annarra í ótal einingum, en Stefán tekur fyrir eitt atriði í senn.

Ólíkara getur það ekki verið, en er ljóslega til vitnis um breiddina í myndlist Íslendinga í útlandinu um þessar mundir.

Blæbrigði og áferð

Á undangengnum árum hefur talsvert borið á fíngerðum smámyndum eftir *Valgarð Gunnarsson* í listhúsum borgarinnar. Þær hafa iðulega verið formsterkar og vel upp byggðar, auk þess sem litablæbrigðin hafa verið mjög þekkileg.

Það telst dálítið óvenjulegt, að ungir listamenn leggi fyrir sig á þennan hátt gerð smámynda, því að segja má, að þetta hafi verið áratugur risadúkanna.

Nú er listamaðurinn mættur til leiks með dúka af stærri gerðinni, en stærðirnar eru þó innan hóflegra marka. Í stað þess að stækka hinar minni myndir, sem margur hefði gert, hefur Valgarður tekið þá stefnu að víkka út formsvið fígúra sinna. Þær eru ekki lengur formfastar og sígildar í byggingu, heldur á stundum holar og loftkenndar og sumar eilítið klunnalegar í bland.


Ekki virka þessar fígúrur allar jafn sannfærandi á mig og margar hinna gömlu, því að þær eru m.a. mun lausar skorðaðar á myndflötinn og bakgrunnurinn vinnur ekki á sama hátt með þeim.

En liturinn stendur sem fyrr fullkomlega fyrir sínu, en hann meðhöndlar Valgarður á einkar persónulegan og sérkennilegan hátt, svo að á stundum minnir á þá Nabistana Vuillard og Denis og er þá ekki leiðum að líkjast. Það er alveg rétt stefna hjá ungum listamönnum, að reyna að tileinka sér eitthvað úr fortíðinni og það hafa ýmsir af frægustu og persónulegustu núlistamálurum heimsins einmitt gert. En þó skal ég ekki fullyrða, að þetta séu bein áhrif en hin þýðu blæbrigði minna vissulega á þá kumpána.

Á sýningunni þóttu mér þrjár myndir hafa sérstöðu um persónulega meðhöndlun lita og forma: „Holur hestur“ (7), „Kona“ (10) og „Gul meining“ (11).

Fann ég þar sterkustu uppbygginguna og mesta samræmið á milli forma og lita.

Hvað lit og áferð snertir má merkja á þessari sýningu, að Valgarður Gunnarsson sé í sókn.



Valgarður Gunnarsson myndlistarmaður.

Morgunblaðið/Bjarni

Mjúkt og efniskennt

Sumar sýningar koma manni á óvart og svo er ótvírætt um sýningu *Sigurborgar Stefánsdóttur* í Ásmundarsal.

Þetta er í fyrsta skipti sem Sigurborg sýnir opinberlega á Íslandi, en hún hefur dvalið í Danmörku um árabil og lauk prófi í teikni- og grafíkdeild Skolen for Brugskunst fyrir tveim árum auk þess sem hún stundaði nám hjá H. Cr. Höier listmálara.

Það má merkja það af myndum Sigurborgar, að hún hafi stundað nám sitt vel, því vissulega kemur fram rík kennd fyrir mjúkri teikningu og grafískum eigindum forma í myndverkum hennar.

Sigurborg gengur óhikað og hreint til verks og má það teljast helsti kostur hennar og í þeim verkum er saman fara formræn fjölbreytni og efniskenndir litir nær hún tvímælalaust heillegustum árangri svo sem í myndunum nr. 12, 17 og 31.

Mun rýrari verður uppskeran er Sigurborg vinnur yfirvegaðra og litirnir eru þynnri og þróttminni eins og víða sér stað og hefði hún haft ávinning af að grisja sýninguna svolítið til að ná sterkari heildaráhrifum. En slíkt er varla tiltökumál á fyrstu sýningu.

Sigurborg er gædd teiknihæfileikum og sýnir ósjaldan skynræna hugkvæmni í útfærslu verka sinna svo sem á sér stað í myndunum nr. 2, 3, 4, 5 og 21.


Mér virðast vera drjúg frjómögn í þessari sýningu sem benda til þess að höfundurinn geti bætt heilmiklu við sig í náinni framtíð.

En til þess þarf vísast einnig heilmikla vinnu.



Sigurborg Stefánsdóttir

RÝMINGARSALA
vegna flutninga
20-40% AFSLÁTTUR
Teppabútar á hlægilegu verði
Opnum glæsilega verslun að Fákafeni 9 laugardaginn 28. október
Gram Teppi G TEPPAVERSLUN FRIÐRIKS BERTELSEN BMK
SÍÐUMÚLA 23 SÍMI 68 62 66
ES AUGLÝSINGASTOFA

Haust markaður á bókum
Ótrúlegt verð
Allt á að seljast
Útlitsgallaðar bækur, verð frá kr 25.-
Eldri bækur með 40-70% afslætti.
Opið laugardag frá kl 10-14.


Skjaldborg
BÓKAÚTGÁFA
ÁRMÚLA 23
108 REYKJAVÍK
Sími: 67 24 00 – 67 24 01